

## AUGLÝSING

### um flokkun vöru og þjónustu vegna vörumerkja.

1. gr.

*Gildissvið.*

Í samræmi við 16. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki, með síðari breytingum og ákvæði Nice-samningsins frá 15. júní 1957 um alþjóðlega flokkun vöru og þjónustu vegna skráningar vörumerkja, með síðari breytingum, gildir eftirfarandi flokkaskrá fyrir vörur og þjónustu vegna skráningar vörumerkja. Flokkaskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Flokkaskráin er í samræmi við 10. útgáfu alþjóðlegu skrárinnar um flokkun vöru og þjónustu við skráningu vörumerkja samkvæmt Nice-samningnum sem tók gildi 1. janúar 2012 og þær breyttingar sem átt hafa sér stað frá þeim tíma. Flokkaskráin er uppfærð með rafrænum hætti um hver áramót.

2. gr.

*Breytingar þann 1. janúar 2016.*

Eftirfarandi breytingar urðu á yfirschriftum flokkaskrárinnar þann 1. janúar 2016:

1. Flokkur 2: Tilgreiningunni „málmpynnur og málmduft fyrir málara, skreytingamenn, prentara og listamenn“ var breytt í „málmpynnur og málmduft til nota við málun, skreytingar, prentun og listsköpun“.
2. Flokkur 5: Tilgreiningunni „Lyfjablöndur fyrir menn og blöndur til dýralækninga“ var breytt í „Lyf og lyfjablöndur til lækninga fyrir menn og dýr“.
3. Flokkur 6: Tilgreiningin „vörur úr ódýrum málmum sem ekki heyra undir aðra flokka“ var felld brott.
4. Flokkur 14: Tilgreiningin „svo og vörur úr góðmálmum eða húðaðar með þeim sem ekki heyra undir aðra flokka“ var felld brott.
5. Flokkur 16: Tilgreiningin „og vörur úr þessum efnunum sem ekki eru taldar í öðrum flokkum“ var felld brott og fyrsta málslíð breytt í „Pappír og pappi“. Tilgreiningin „(sem ekki eru talin í öðrum flokkum)“ var felld brott.
6. Flokkur 17: Tilgreiningunni „Gúmmi“ var breytt í „Óunnið og hálfunnið gúmmi“. Tilgreiningin „vörur úr þessum efnunum sem ekki eru taldar í öðrum flokkum“ var felld brott og í stað hennar bætt við tilgreiningunni „efni sem komið geta í staðinn fyrir þau“.
7. Flokkur 18: Tilgreiningin „og vörur gerðar úr þessum efnunum sem ekki eru taldar í öðrum flokkum“ var felld brott.
8. Flokkur 20: Tilgreiningin: „vörur (ekki taldar í öðrum flokkum) úr tré, korki, reyr, spanskreyr, tágum, horni, beini, filabeini, hvalbeini, skel, rafi, perlumóður, sæfrauði, svo og úr efnunum sem geta komið í stað þessara, eða úr plasti“ var umorðuð og er nú „óunnin eða hálfunnin bein, horn, filabein, hvalbein eða perlumóðir; skeljar; sæfrauði; raf“.
9. Flokkur 21: Tilgreiningin „ekki taldar í öðrum flokkum“ var felld brott.
10. Flokkur 22: Tilgreiningin „Kaðlar, selgarn“ varð „Kaðlar og selgarn“. Tilgreiningin „segldúkur, yfirbreiðslur“ varð „segldúkar og yfirbreiðslur“. Tilgreiningin „og skjóður (ekki taldar í öðrum flokkum)“ var felld brott. Tilgreiningin „(nema úr gúmmí eða plasti)“ varð „(nema úr pappír, pappa, gúmmí eða plasti)“.
11. Flokkur 24: Tilgreiningin „vefnaðarvörur sem ekki eru taldar í öðrum flokkum“ var felld brott og í stað hennar kom „efni sem komið geta í staðinn fyrir vefnað“.
12. Flokkur 28: Tilgreiningin „sem ekki eru taldar í öðrum flokkum“ var felld brott.
13. Flokkur 30: Tilgreiningunni „pastry“ var í ensku útgáfu flokkaskrárinnar breytt í fleirtölu (e. pastries), það hafði ekki áhrif á íslenska þýðingu skrárinnar.
14. Flokkur 31: Tilgreiningin „Korn og“ var felld brott. Tilgreiningin „sem ekki eru taldar í öðrum flokkum“ var felld brott. Tilgreiningunni „hrátt og óunnið korn og fræ“ var bætt við á undan „ferskir ávextir og grænmeti“. Tilgreiningunni „lifandi dýr“ var bætt við á undan „dýrafóður“.

Auk framangreindra breytinga urðu breytingar á tilgreiningum ýmissa vara og þjónustu sem falla undir yfirschriftir flokkanna. Þær eru aðgengilegar á vefsíðu Alþjóðahugverkastofnunarinnar (WIPO).

### 3. gr.

#### *Leiðréttiingar.*

Auk þeirra breytinga sem tilgreindar eru í 2. gr., þykir rétt að gera eftirfarandi leiðréttiingar:

1. Flokkur 3: Rétt þykir, í samræmi við ensku útgáfu flokkaskrárinnar að á eftir tilgreiningunni „Bleikiefni og önnur efni til nota við fataþvott“ komi semikomma og tilgreiningin „efni til nota við ræstingu, fægingu, hreinsun og slípun“.
2. Flokkur 5: Í samræmi við ensku útgáfu flokkaskrárinnar þykir rétt að semikomma komi á eftir „efni til að eyða meindýrum“. Á eftir því komi „sveppaeyðir, illgresiseyðir“.
3. Flokkur 6: Í samræmi við ensku útgáfu flokkaskrárinnar þykir rétt að semikomma komi í stað kommu á eftir „byggingarefni úr málmi“.
4. Flokkur 8: Tilgreiningin „cutlery“ í ensku útgáfu flokkaskrárinnar hefur verið þýdd sem „eggjárn og hnífapör“. Rétt þykir að þýða tilgreininguna sem „hnífapör“.
5. Flokkur 9: Tilgreiningin „data processing equipment, computers“ í ensku útgáfu flokkaskrárinnar hefur verið þýdd sem „gagnavinnslubúnaður og tölvur“, rétt er að komma komi í staðinn fyrir „og“.
6. Flokkur 10: Í samræmi við ensku útgáfu flokkaskrárinnar þykir rétt að semikomma komi í stað kommu á eftir „dýralækninga“.
7. Flokkur 16: Tilgreiningin „artist's materials“ í ensku útgáfu flokkaskrárinnar hefur verið þýdd sem „vörur handa listamönnum“ en réttara þykir að þýða hana sem „vörur fyrir listamenn“.
8. Flokkur 18: Í samræmi við ensku útgáfu flokkaskrárinnar þykir rétt að bæta orðinu „dýra“ fyrir aftan „skinn og húðir“.
9. Flokkur 22: Í samræmi við efni floksins þykir réttara að þýða orðið „sacks“ í ensku útgáfu flokkaskrárinnar sem „sekkir“ í stað „pokar“.
10. Flokkur 31: Réttara þykir að þýða orðið „fresh“ í ensku útgáfu flokkaskrárinnar sem „ferskir“ í stað „nýir“.
11. Flokkur 40: Tilgreiningin „Treatment of materials“ í ensku útgáfu flokkaskrárinnar hefur verið þýdd sem „Vinnsla og meðferð efna og hluta“. Réttara þykir að þýða tilgreininguna sem „Meðferð efna“.
12. Flokkur 44: Tilgreiningin „for human beings or animals“ í ensku útgáfu flokkaskrárinnar hefur verið þýdd sem „fyrir menn og dýr“. Réttara þykir að nota „fyrir menn eða dýr“.

### 4. gr.

#### *Nánari tilgreining á yfirschriftum flokka við endurnýjun vörumerkja.*

Í samræmi við ákvörðun Einkaleyfastofunnar um þrengri túlkun á yfirschriftum flokkaskrárinnar frá 1. janúar 2014, er heimilt við fyrstu endurnýjun merkis eftir það tímamark að tilgreina nánar þá vörum og/eða þjónustu sem merki er skráð fyrir. Útvíkkun á vernd er ekki heimil og tilgreining skal vera í samræmi við þá útgáfu alþjóðlegu flokkaskrárinnar sem í gildi var á þeim tíma sem merkið var skráð.

Við endurnýjun skal, ef merki var skráð:

1. fyrir 1. janúar 2002, stuðst við 7. útgáfu flokkaskrárinnar,
2. frá 1. janúar 2002 til 29. janúar 2007, stuðst við 8. útgáfu flokkaskrárinnar,
3. frá 30. janúar 2007 til 31. desember 2011, stuðst við 9. útgáfu flokkaskrárinnar,
4. frá 1. janúar 2012 til 31. desember 2013, stuðst við 10. útgáfu flokkaskrárinnar.

Það er á ábyrgð eigenda eða umboðsmanna þeirra að tilgreina nánar vörum og/eða þjónustu í samræmi við 2. mgr. Telji Einkaleyfastofan umsókn um endurnýjun ekki fullnægjandi er veittur frestur til að lagfæra umsóknina í samræmi við 2. mgr. 27. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki.

5. gr.  
*Gildistaka.*

Auglysing þessi öðlast gildi 15. apríl 2016. Jafnframt fellur þá úr gildi auglysing um flokkun vörur og þjónustu vegna vörumerkja nr. 1190/2011.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 1. apríl 2016.*

F. h. iðnaðar- og viðskiptaráðherra,

**Valgerður Rún Benediktsdóttir.**

*Brynhildur Pálmarsdóttir.*

**Fylgiskjal.**

**Skrá um flokkun vörur og þjónustu.**

**I. Vörur.**

1. Efni til að nota í iðnaði, við vísindastörf, ljósmyndun sem og í landbúnaði, garðrækt og skógrækt; óunnin gervikvoða, óunnar plastvörur; áburður; slökkviefni; efnablöndur til herslu og lóðunar; efni til varðveislu á matvælum; sútunarefni; lím- og bindiefni til iðnaðarnota.
2. Málning, gljákvoða (ferniss), lakk; ryðvarnarefni og fúavarnarefni; litarefni; litfestir; óunnin náttúruleg kvoða; málmypnnur og málmduft til nota við málun, skreytingar, prentun og listsþópur.
3. Bleikiefni og önnur efni til nota við fataþvott; efni til nota við ræstingu, fægingu, hreinsun og slípun; sápur; ilmvörur, ilmolíur, snyrtivörur, hárvötn; tannhirðuvörur.
4. Olíur og feiti til iðnaðar; smurolíur; raka- og rykbindiefni; brennsluefni (þar með talið eldsneyti fyrir hreyfla) og ljósметi; kerti og kveikir til lýsingar.
5. Lyf og lyfjablöndur til lækninga fyrir menn og dýr; efnablöndur til hreinlætisnota í læknisfræðilegum tilgangi; sérfæði og næringarefni fyrir menn og dýr, barnamatur; fæðubótarefni fyrir menn og dýr; plástrar, sárabindi; tannfyllingarefni, vax til tannsmíða; sótthreinsiefni; efni til að eyða meindýrum; sveppaeyðir, illgresiseyðir.
6. Odýrir málmar og blöndur úr þeim; byggingarefni úr málmi; færarlegar byggingar úr málmi; málmefti í járnbrautarspor; strengir og vírar úr odýrum málnum, ekki til rafmagnsnota; járnvörur og smáhlutir úr málmi; pípur og hólkur úr málmi; öryggisskápar; málmgryti.
7. Vélar og smíðavélar; hreyflar og vélar (þó ekki í landfarartæki); vélatengsli og drifsbúnaður (þó ekki í landfarartæki); landbúnaðarvélar sem ekki eru handknúnar; klakvélar (útungunarvélar); sjálfsalar.
8. Handverkfæri og handknúin tól; hnífapör; höggvopn og lagvopn; rakvélar.
9. Búnaður og tæki notuð við vísindi, siglingar, landmælingar, ljósmyndun, kvíkmyndatöku og -sýningar; sjóntæki, vogir, mælingatæki, merkjasingatingataekki, eftirlitstæki, björgunartæki, kennslutæki og -búnaður; búnaður og tæki til að leiða, kveikja og slökkva á, breyta, safna, stilla eða stjórna rafmagni; tæki sem notuð eru til að taka upp, flytja eða fjölfalda hljóð eða mynd; segulgagnaberar, upptökudiskar; geisladiskar, stafrænir mynndiskar og annar stafrænn upptökubúnaður; vélbúnaður fyrir myntstýrð tæki; búðarkassar, reiknívelar, gagnavinnslubúnaður og tölvur; tölvuhugbúnaður; slökkvitæki.
10. Tæki og búnaður til skurðlækninga, lyflækninga, tannlækninga og dýralækninga; gervilimir, -augu og -tennur; hlutir til bæklunarlækninga; þráður til að sauma saman sár.
11. Tæki og búnaður fyrir lýsingu, hitun, gufuframleiðslu, matseld, kælingu, þurrkun, loftraestingu, vatns- og hreinlætislagnir.
12. Farartæki; tæki til flutninga á landi, í lofti eða á legi.
13. Skotvopn; skotfæri og skot; sprengiefni; flugeldar.
14. Góðmálmar og blöndur úr þeim; skartgripir, gimsteinar; klukkur og tæki til tímamælinga.
15. Hljóðfæri.
16. Pappír og pappi; prentað mál; bókbandsefni; ljósmyndir; ritföng; bréflím og lím til heimilisnota; vörur fyrir listamenn; málningarpenslar; ritvélar og skrifstofutæki (þó ekki húsgögn); fræðslu- og kennslugögn (þó ekki tæki); plastefni til þökkunar; leturstafir; myndmót.

17. Óunnið og hálfunnið gúmmí, togleður (gúttaperka), gúmkvoða, asbestos, gljásteinn og efni sem komið geta í staðinn fyrir þau; hálfunnið þanið plast til iðnaðarnota; efni til hvers konar þétt- ingar eða einangrunar; sveigjanlegar pípur sem ekki eru úr málmi.
18. Leður og leðurlíki; skinn og húðir dýra; ferðakoffert og ferðatöskur; regnhlífar og sólhlífar; göngustafir; svipur, aktygi og reiðtygi.
19. Byggingarefni (ekki úr málmi); ósveigjanlegar pípur í byggingar, ekki úr málmi; asfalt, bik og malbik; færانlegar byggingar, ekki úr málmi; minnisvarðar, ekki úr málmi.
20. Húsgögn, speglar og myndarammar; óunnin eða hálfunnin bein, horn, filabein, hvalbein eða perlumóðir; skeljar; sæfrauð; raf.
21. Heimilis- eða eldhúsahöld og ílát; greiður og þvottasvampar; burstar (nema málningarpenslar); efni til burstagerðar; hlutir sem notaðir eru til ræstingar; stálull; óunnið eða hálfunnið gler (þó ekki gler notað við byggingar); glervörur, postulín og leirvörur.
22. Kaðlar og seglgarn; net, tjöld, seglðúkar, yfirbreiðslur og segl; sekkir; bólstrunarefni og tróð (nema úr pappír, pappa, gúmmí eða plasti); óunnin efni úr þræði til vefnaðar.
23. Garn og þráður til vefnaðar.
24. Vefnaður og efni sem komið geta í staðinn fyrir vefnað; rúmteppi; borðdúkar.
25. Fatnaður, skófatnaður, höfuðfatnaður.
26. Blúndur og útsaumur, borðar og kögur; hnappar og tölur, krókar og lykkjur, prjónar og nálar; gerviblóm.
27. Teppi, mottur, gólfðúkar og annað efni til að leggja á gólf; veggklæðning (þó ekki ofin).
28. Leikspil og leikföng; leikfimi- og íþróttavörur; jólatrésskraut.
29. Kjöt, fiskur, alifuglar og villibráð; kjötkraftur; niðursoðnir, frosnir, þurrkaðir og soðnir ávextir og grænmeti; ávaxtahlaup, -sultur og -grautar; egg; mjólk og mjólkurafurðir; matarolíur og matarfeiti.
30. Kaffi, te, kakó og gervikaffi; hrísgjón; tapíókamjöl og sagógrjón; mjöl og matvörur úr korni; brauð, sætabrauð og sælgæti; ís til matar; sykur, hunang, síróp; ger, lyftiduft; salt; sinnepl; edik, sósur (bragðbætandi); krydd; ís.
31. Landbúnaðar-, garðræktar- og skógræktarafurðir; hrátt og óunnið korn og fræ; ferskir ávextir og grænmeti; lifandi plöntur og blóm; lifandi dýr; dýrafóður; malt.
32. Bjór; ölkelduvatn, gosdrykkir og aðrir óáfengir drykkir; ávaxtadrykkir og ávaxtasafar; þykkni og önnur efni til drykkjargerðar.
33. Áfengir drykkir (nema bjór).
34. Tóbak; hlutir fyrir reykingamenn; eldspýtur.

## II. Þjónusta.

35. Auglysingastarfsemi; rekstur og stjórnun fyrirtækja; skrifstofustarfsemi.
36. Tryggingastarfsemi; fjármálastarfsemi; gjaldmiðlaviðskipti; fasteignaviðskipti.
37. Byggingastarfsemi; viðgerðir; uppsetninga- og lagnaþjónusta.
38. Fjarskipti.
39. Flutningar; pökkun og geymsla vöru; ferðaþjónusta.
40. Meðferð efna.
41. Fræðsla; þjálfun; skemmtistarfssemi; íþróttu- og menningarstarfssemi.
42. Vísinda- og tæknipjónusta og rannsóknir og hönnun í tengslum við það; rannsóknar- og greiningarþjónusta á sviði iðnaðar; hönnun og þróun tölvubúnaðar og tölvuhugbúnaðar.
43. Veitingapjónusta; tímabundin gistipjónusta.
44. Læknispjónusta; dýralæknispjónusta; fegrunar- og snyrtipjónusta fyrir menn eða dýr; þjónusta við landbúnað, garðyrkju og skógrækt.
45. Lögfræðipjónusta; öryggisþjónusta til verndar einstaklingum og eignum; persónu- og félagsleg þjónusta í þágu einstaklinga.